

FUNDARGERÐ

Fundur Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness

Dags. Fundar 4. nóvember 2010	Tími 17:00 – 18:00	Staður Mýrarhúsaskóli	Nr. fundar 3
Fundarboðandi Erla Gísladóttir formaður	Fundarritari Hulda Helgadóttir		Dags. 4. nóvember 2010

Viðstaddir: Erla Gísladóttir, Halldóra Pálsdóttir, Maren Finnsdóttir, Hildur Jóhannsdóttir, Sigríður Sigmarsdóttir, Ingileif Jóhannesdóttir, Anna Margrét Hauksdóttir, Davíð Scheving, Hrefna Birna Björnsdóttir, Hulda Helgadóttir.

Dagskrá fundar	Ábyrgð
<p>Laufabrauð 4. desember Ingileif sér um innkaup á laufabrauði og var ákveðið að keypt yrðu 1500 stk. ásamt drykkjarföngum, piparkökum, steikingarefni, málningarlímbandi oþh. Ennfremur sér Ingileif um að skiptimynt sé til staðar. Rætt var að þörf væri á aðstoð frá bekkjarfulltrúum vegna þrifa eftir laufabrauðsgerð og verður því bætt inn á skráningarform. Erla sendir út skráningarform til bekkjarfulltrúa sem og auglýsingar til foreldra vegna laufabrauðsgerðarinnar. Tölvupóstur verður sendur með góðum fyrirvara til foreldra og annar þegar nær dregur.</p>	Ingileif Erla
<p>Bókakynning bókasafn Ákveðið var að fá tvo höfunda á bókakynninguna og mun foreldrafélagið greiða fyrir það. Hrefna tekur að sér verkefni foreldrafélagsins er snúa að bókakynningunni.</p>	Hrefna
<p>Þrettándabrenna Ákveðið að foreldrafélagið greiði 70.000 kr. vegna flugeldasýningar á þrettándabrennunni.</p>	Sigríður
<p>Ráðstefna Heimili og skóli Maren fór yfir dagskrá ráðstefnunnar sem hófst í Krikaskóla þar sem hugsmíðahyggja var kynnt og var áframhaldið á skrifstofum Mosfellsbæjar. Var m.a. farið yfir verkefni samtakanna vegna eineltis, áhersla lögð á foreldrastarf í skólum og vakin athygli þáttkanda á að til boða stendur að óska eftir úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins á starfi skóla. Áhugi er fyrir því að óska eftir slíkri úttekt og ákveðið að Anna Margrét taki málið á dagskrá í skólanefnd.</p>	Anna Margrét
<p>Árgjald Ingileif fór yfir stöðu mála varðandi árgjald. Enn vantar einhverjar kennitölur og hefur þeirra upplýsinga verið óskað frá skólanum. Ákveðið var að sameina árgjald í eina greiðslu hjá fjölskyldum með fleiri en eitt barn í skólanum.</p>	Ingileif
<p>Foreldrarölt Foreldrarölt gengur vel og hefur mæting verið betri en síðasta vetur.</p>	
<p>Önnur mál Foreldrar hafa lýst áhyggjum vegna eineltis og vinnubragða skólans vegna slíkra mála. Ákveðið var að foreldrafélagið tæki málið til skoðunar og boðaði skólastjórnendur, skólasálfræðing, skólanefnd og fleiri aðila til fundar vegna þessa. Sigríður sér um undirbúning. Boðað verður til aukafundar stjórnar foreldrafélagsins þar sem nánari útfærsla verður ákveðin. Ræddir voru kostir þess að aðalfundur foreldrafélagsins færi fram að hausti. Ákveðið var að tillaga þess efnis yrði lögð fram á næsta aðalfundi þar sem lagabreytingu þarf til.</p>	Sigríður

Dagskrá fundar	Abyrgð	
<p>Fjallað var um tilraun skólans að sleppa heimanámi í nóvember. Ákveðið var að biða loka tilraunatímabilsins.</p> <p>Rætt var hvort hagsmunaárekstrar kynnu að koma upp ef Davíð sæti hvorutveggja í skólanefnd og stjórn foreldrafélagsins. Ákveðið var að ef slíkir árekstrar kæmu til myndi Davíð víkja af foreldrafundi og hefði ekki atkvæðisrétt í slíkum málum á vegum foreldrafélagsins.</p> <p>Fundi slitið</p>		